**204. fundur íþrótta- og tómstundanefndar**
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 29. janúar 2020**
**og hófst hann kl. 08:10.**

**Fundinn sátu:**
Elísabet Samúelsdóttir formaður, Sif Huld Albertsdóttir varaformaður, Baldvina Karen Gísladóttir aðalmaður, Ingibjörg Elín Magnúsdóttir varamaður og Svala Sigríður Jónsdóttir varamaður.

**Embættismenn:**
Stefanía Helga Ásmundsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Stefanía Ásmundsdóttir, Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs.

**Dagskrá:**

1. **Verkefnalisti íþrótta- og tómstundanefndar - 2014030027**

   Verkefnalisti janúar 2020.

   *Lagður fram verkefnalisti íþrótta- og tómstundanefndar.*
   *Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.*

2. **Endurskoðun á reglum um íþróttamann Ísafjarðarbæjar - 2018120077**

   Endurskoðun á reglum fyrir val á íþróttamanni ársins í Ísafjarðarbæ.

   *Lagt til að taka upp samtal við Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhrepp um sameiginlega útnefningu á íþróttamanni ársins. Sviðstjóra skóla- og tómstundasviðs falið að senda bréf þar sem óskað er eftir samtali.*

3. **Endurskoðun á samstarfssamning 2020 - 2019110044**

   Samstarfsamningur kynntur milli Ísafjarðarbæjar og Héraðssambands Vestfjarðar fyrir árið 2020.

   *Samningurinn lagður fram til samþykktar til eins árs með breytingu á 11. gr. sem sett verður inn að nýju í samningi fyrir árið 2021. Lagt er til að samningurinn verði endurskoðaður í heild sinni í samstarfi við HSV fyrir árið 2021.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00**

| | |
|---|---|
| Elísabet Samúelsdóttir | Sif Huld Albertsdóttir |
| Baldvina Karen Gísladóttir | Ingibjörg Elín Magnúsdóttir |
| Svala Sigríður Jónsdóttir | Stefanía Helga Ásmundsdóttir |